

## KVENNAARSRAÐSTEFNAN

haldin á Hótel Loftleiðum

dagana 20. og 21. júní 1975

---

### ASKORANIR OG ÁLYKTANIR

#### samþykktar á Kvennaárráðstefnunni 1975

- \* Ráðstefna kvennaárs, haldin á Hótel Loftleiðum dagana 20. og 21. júní 1975, vekur athygli á þeirri staðreynd að hin raunverulega láglau nastétt í landinu eru konur í þjónustu og framleiðslustörfum. Samanburður á tekjum verkakvenna og verkakarla leiðir í ljós 420 þúsund króna mismun á meðalárstekjum körlum í hag. 43% félaga innan vébanda A.S.Í. eru konur en þó eiga þær aðeins 2 fulltrúa af 15 í miðstjórn þess.

Ráðstefnan telur að láglau nafólkið eigi ekki lengur samleið með hátekjuhópum innan sambandsins.

- \* Ráðstefna í tilefni aðlþjóðlega kvennaársins, haldin í Reykjavík dagana 20. og 21. júní 1975, beinir þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að hún leysi togaraverkfallið þegar í stað.

Ef samningar fara út um þúfur, taki ríkisstjórnin rekstur togaranna í sínar hendur, enda eru þeir eign þjóðarinnar.

- \* Kvennaárráðstefnan 1975, haldin á Hótel Loftleiðum 20. og 21. júní, skorar á alla stjórn mála flokka á landinu að stuðla að því að það margar konur taki sæti á listum þeirra, bæði til alþingis- og sveitastjórnarkosninga, að um helmingur af alþingis- og sveitastjórnarmönnum verði konur.

- \* Kvennaárráðstefnan 1975, haldin á Hótel Loftleiðum í Reykjavík 20. og 21. júní, vill vekja athygli á því, að með aukinni þátttöku íslenskra kvenna í atvinnulífinu hafa myndast láglau nahópar, sem eru konur, en þær vinna þó þau störf sem skapa þann arð og þá fjármuni, sem þjóðfélag vort byggist á og þá jafnframt möguleika til að



rétta samfélaginu þá menntunaraðstöðu, sem það kallar á til betur launaðra starfa.

Þessi stóri hópur verkamanna eru konur í frystihúsum og iðnaði, sem eru að verða stærsti hópur verkamanna í landinu á lægsta kaupi. Þær hafa lélegan aðbúnað á vinnustöðum, vinna erfiða vinnu og eru eigi síður en aðrar útivinnandi húsmæður í tvöföldu starfi.

Ráðstefnan telur að nauðsyn beri til að bæta og vernda hag þessa hóps með því að endurmeta verðmæti og virðingu þeirra starfa sem unnin eru til sköpunar þjóðarteknanna.

- \* Ráðstefna kvennaárs, haldin á Hótel Loftleiðum dagana 20. og 21. júní 1975, mótmælir því að sú mismunun sé gerð á íslenskum konum, að fé til að greiða fæðingarfrí verkakvenna skuli tekið úr sameiginlegum sjóði verkafólks, sem ætlað er annað verkefni, meðan þær sem vinna hjá ríki og bæ fá það greitt af almannafé.

Einnig vekur ráðstefnan athygli á því misrétti sem sveitakonur og þær konur sem eingöngu vinna á heimilum sínum eru beittar með því að þær skulu settar hjá.

Ráðstefnan telur eðlilegast að fæðingarfrí á launum til allra kvenna verði felld inn í almannatryggingar.

- \* Kvennaársráðstefnan haldin 20. og 21. júní 1975, skorar á konur að taka sér frí frá störfum á degi Sameinuðu þjóðanna 24. október næstkomandi til að sýna fram á mikilvægi vinnuframlags síns.

- \* Ráðstefna í tilefni alþjóðlega kvennaársins, haldin dagana 20. og 21. júní 1975, beinir þeirri áskorun til íslenskra stjórnvalda svo og til nefndar þeirrar er alþingi hefur falið að endurskoða stjórnarskrá Íslands, að sett verði í stjórnarskrána ákvæði um jafnrétti milli karla og kvenna, sbr. yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna 7. nóv. 1967, um afnám misréttis gagnvart konum, en þar segir m.a. í 2. grein: "Grundvallaratriði jafnréttis skal sett í stjórnarskrá eða tryggt á annan hátt með lögum."



- \* Ráðstefna í tilefni alþjóðlega kvennaársins, haldin dagana 20. og 21. júní 1975 í Reykjavík, vill minna menntamálaráðherra á 7. grein laga um skólakerfi, nr. 55 21. maí 1974, þar sem segir: "Í öllu starfi skóla skulu konur og karlar njóta jafnréttis í hvívetna, jafnt kennarar og nemendur." Til þess að lagagreinin nái tilgangi sínum verður m.a. að endurskoða efni skólabóka með tilliti til þeirrar mismununar karla og kvenna, sem þar kemur fram. Vinda skal bráðan bug að skipun nefndar, sem í sitji jafnt karlar og konur til að vinna að ofangreindri endurskoðun.
  
- \* Ráðstefna í tilefni alþjóðlega kvennaársins, haldin dagana 20. og 21. júní 1975, beinir þeirri áskorun til menntamálaráðuneytisins að láta birta í fjölmiðlum yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 7. nóv. 1967 um afnám misréttis gagnvart konum.
  
- \* Ráðstefna í tilefni kvennaárs skorar á hæstvirt Alþingi, að sendinefnd Íslands á allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna verði skipuð að jöfnu konum og körlum.
  
- \* Kvennaársráðstefnan 1975 skorar á hina stjórnskipuðu kvennaársnefnd að hlutast til um að gefin verði út hið fyrsta framsöguerindi flutt á kvennaráðstefnunni í júní 1975.